

Stjórn N1 hf.
b/t Margrétar Guðmundsdóttur, stjórnarformanns
Dalvegi 10-14
201 Kópavogur

Akureyri, 16. mars 2018

Efni: Laun forstjóra N1 hf. á árinu 2017

Samkvæmt hluthafaskrá N1 hf. 15. mars 2018 er Stapi lífeyrissjóður (Stapi) eigandi 2,8% hlutafjár í N1 hf.

Í ársreikningi N1 hf. fyrir árið 2017 kemur fram að laun forstjóra félagsins vegna ársins 2017 hafi numið ríflega 70 m.kr. og hafi hækkað úr 58 m.kr. frá fyrra ári, eða sem nemur 21%. Til samanburðar hækkaði launavísitala sem er mæld af Hagstofu Íslands um 7% yfir sama tímabil. Hér er því um að ræða umtalsverða hækkun launa umfram almenna launaþróun á Íslandi. Samanburður á launum forstjóra þeirra 16 félaga sem skráð eru í Kauphöll Íslands leiðir einnig í ljós að laun forstjóra N1 hf. voru þau 4. hæstu á árinu 2017 og hækkuðu mest á milli ára.

Í starfskjarastefnu N1 hf. sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 21. mars 2017 kemur fram að kjör forstjóra félagsins skuli „vera samkeppnishæf og taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfsins“. Þá kemur einnig fram í umfjöllun um umbun til æðstu stjórnenda að félaginu sé „gert kleift að greiða aukagreiðslur sem endurspeglar frammistöðu í verkefnum félagsins, einstökum deildum eða félaginu í heild“. Aukinheldur er tekið fram í áðurnefndri starfskjarastefnu að markmið hennar sé að „veita hluthöfum aukin áhrif og innsýn í stefnu þess varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna“.

Í Leiðbeiningum og stefnumiði um stjórnarhætti, fyrirvar og félagslega ábyrgar fjárfestingar¹ Stapa koma eftirfarandi sjónarmið um breytilegar greiðslur til stjórnenda félaga sem Stapi fjárfestir í: „Byggi kjör að einhverju leyti á breytilegum greiðslum skulu þau upplýst og rökstudd af stjórn/starfskjaranefnd og hafa skýran rekstrarlegan tilgang.“

Í ljósi ofangreindra atriða óskar Stapi þess að stjórn eða starfskjaranefnd rökstyðji ítarlega á aðalfundi félagsins 19. mars nk. breytingar á starfskjörum forstjóra félagsins milli ára og fyrirkomulag árangurstenginga, séu þær til staðar. Þá brýnir Stapi fyrir stjórn og starfskjaranefnd félagsins mikilvægi þess að gæta hófs við ákvarðanir starfskjara stjórnenda félagsins.

Virðingarfyllt,

Jóhann Steinar Jóhannsson
Framkvæmdastjóri

¹ Skjalið er aðgengilegt á heimasíðu Stapa: <https://www.stapi.is/static/files/frettir/b32..pdf>